

Ársreikningur

Mímir-símenntun ehf.

2024



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2
Áritun endurskoðenda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2024	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	6
Sjóðstreymi ársins 2024	7
Skýringar	8 - 11

Stjórn félagsins Mímir-símenntun ehf.:

Eyrún Björk Valsdóttir
Eyþór Árnason
Georg Páll Skúlason
Ragnar Ólason
Selma Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Sólveig Hildur Björnsdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er fræðslustarfsemi á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar auk kennslu í íslensku sem öðru máli.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarafgangur félagsins rúmum 4,1 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 96,2 millj.kr. en var um 92,1 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að rekstrarafgangi ársins verði ráðstafað eins og stofnskrá félagsins mælir fyrir um. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 20 og launagreiðslur félagsins námu um 219,3 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 18,8 og launagreiðslur félagsins námu um 182,9 millj.kr. á árinu 2023.

Hluthafi hjá félaginu var einn í lok árs sem og í upphafi árs.

Alþýðusamband Íslands	16.034.301	100,0%
	<u>16.034.301</u>	

Stjórn félagsins Mímir-símenntun ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa félagsins Mímir-símenntun ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins Mímir-símenntun ehf. fyrir árið 2024 (hér eftir félagið). Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlit á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 30. apríl 2025

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur	2		
Rekstrarsamningar		58.017.215	54.600.000
Námskeiðahald		484.888.495	412.164.748
Verkefnatekjur		108.933.160	88.400.723
Aðrar tekjur		217.366	844.835
		<u>652.056.236</u>	<u>556.010.306</u>
Rekstrargjöld	2		
Kostnaður við námskeiðahald og verkefni	(	218.304.584)	(183.894.065)
Laun og tengd gjöld	3	(279.342.884)	(232.262.161)
Annar rekstrarkostnaður	(	154.474.975)	(117.903.143)
	(	<u>652.122.443)</u>	<u>(534.059.369)</u>
Rekstrarafgangur (rekstrarhalli) fyrir fjármagnsliði	(	66.207)	21.950.937
Fjármagnsliðir	2, 4		
Fjármunatekjur		11.404.011	8.969.110
Fjármagnsgjöld	(	7.214.666)	(2.362.663)
		<u>4.189.345</u>	<u>6.606.447</u>
Rekstrarafgangur ársins		<u>4.123.138</u>	<u>28.557.384</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	2024	2023
Langtímakröfur		24.276.680	23.093.314
Fastafjármunir		24.276.680	23.093.314
Viðskiptakröfur	5	7.784.762	14.152.223
Útistandandi kröfur vegna verkefna		22.928.586	36.542.035
Aðrar kröfur	5	700.591	349.800
Handbært fé	2	145.108.490	82.110.306
Veltufjármunir		176.522.429	133.154.364
Eignir alls		200.799.109	156.247.678
Eigið fé og skuldir			
Hlutfé		16.034.301	16.034.301
Lögbundinn varasjóður		3.103.447	2.897.290
Óráðstafað eigið fé		77.095.266	73.178.285
Eigið fé	6	96.233.014	92.109.876
Ólokin verk samkvæmt þjónustusamningum		23.527.109	24.089.403
Viðskiptaskuldir		33.420.261	8.564.630
Ýmsar skammtímaskuldir		47.618.725	31.483.769
Skuldir alls	7	104.566.095	64.137.802
Skuldir og eigið fé alls		200.799.109	156.247.678

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður af reglulegri starfsemi		4.123.138	28.557.384
		<u>4.123.138</u>	<u>28.557.384</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		19.630.119	(10.245.380)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		40.428.293	(37.448.075)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>60.058.412</u>	<u>(47.693.455)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>64.181.550</u>	<u>(19.136.071)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Langtímakröfur	(	1.183.366)	(215.438)
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>1.183.366</u>	<u>(215.438)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		62.998.184	(19.351.509)
Handbært fé í ársbyrjun		82.110.306	101.461.815
Handbært fé í lok árs		<u>145.108.490</u>	<u>82.110.306</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Aðalstarfsemi félagsins er fræðslustarfsemi á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar auk kennslu í íslensku sem öðru máli og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Alþýðusambands Íslands sem er með aðsetur að Guðrúnartúni 1, Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins Mímir-símenntun ehf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok árs 2024. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Félagið er framtalsskylt en ekki tekjuskattsskylt og kemur því ekki til álagningar tekjuskatts.

Langtímakröfur

Meðal langtímakrafna eru bundnar innistæður á bankareikningum til tryggingar á leigusamningi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Leigusamningar

Leigusamningar eru samningar þar sem leigusali lætur af hendi afnotarétt af eign til leigutaka í umsaminn tíma í skiptum fyrir greiðslu. Leigusamningar sem félagið er að aðili að eru ýmist flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar eða rekstrarleigusamningar í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Fjármögnunarleiga er leigusamningur þar sem svo til öll áhætta og ávinningur sem fylgir eignarhaldi á eign er yfirfærð til leigutaka. Hjá leigutaka er fjármögnunarleiga færð sem eign og skuld í upphafi leigutímans miðað við fjárhæðir sem jafngilda gangvirði leigðu eignarinnar eða lágmarksleigugreiðslum á núvirði, sem hver um sig er ákvörðuð við upphaf leigutímans, ef þær eru lægri.

Gjöld vegna samninga sem flokkast sem rekstrarleigusamningar skulu færð meðal rekstrargjalda í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	219.342.769	182.864.606
Lífeyrissjóðsgjöld	29.460.459	25.733.978
Önnur launatengd gjöld	28.661.160	23.332.062
Annar starfsmannakostnaður	3.094.072	2.832.098
Laun og launatengd gjöld vegna námskeiða	(672.000)	(2.500.583)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>279.886.460</u>	<u>232.262.161</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	<u>20,0</u>	<u>18,8</u>

4. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur	11.404.011	8.969.110
	<u>11.404.011</u>	<u>8.969.110</u>
Fjármunagiöld greinast þannig:		
Dráttarvextir	4.472.133	0
Fjármagnstekjuskattur greiddur	2.504.495	1.972.881
Gengismunur	238.038	389.782
	<u>7.214.666</u>	<u>2.362.663</u>

5. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	2024	2023
Viðskiptamenn	6.584.036	11.531.351
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna	(500.000)	(500.000)
Greiðslukort	1.700.726	3.120.872
	<u>7.784.762</u>	<u>14.152.223</u>
Aðrar skammtímakröfur		
Fyrirframgreiddur kostnaður	350.791	0
Ýmsar skammtímakröfur	349.800	349.800
	<u>700.591</u>	<u>349.800</u>

6. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam 16 millj.kr. í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Sam tals
Flutt frá fyrra ári	16.034.301	2.897.290	73.178.285	92.109.876
Framlag í lögbundinn varasjóð		206.157	(206.157)	0
Rekstrarafgangur ársins			4.123.138	4.123.138
Eigið fé sam tals 31.12. 2024	<u>16.034.301</u>	<u>3.103.447</u>	<u>77.095.266</u>	<u>96.233.014</u>

7. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	2024	2023
Lánardrotnar	33.420.261	8.564.630
	<u>33.420.261</u>	<u>8.564.630</u>

Aðrar skammtímaskuldir	2024	2023
Ógr. launatengd gjöld	17.960.724	10.301.287
Áunnið orlof	20.348.947	17.309.289
Fyrirfram. gr. tekjur	8.222.000	3.128.500
Aðrar skuldir	1.087.054	744.693
	<u>47.618.725</u>	<u>31.483.769</u>

Ólokin verk samkvæmt þjónustusamningum

Ýmsir samningar	5.167.814	11.088.948
FA - Raunfærnimat	7.849.295	6.900.455
FA - Þróunarverkefni	10.510.000	6.100.000
	<u>23.527.109</u>	<u>24.089.403</u>

8. Viðskipti við tengda aðila:

Viðskipti við tengd félög árið 2024:

	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	295.375.705	11.325.000	18.359.295
	<u>295.375.705</u>	<u>11.325.000</u>	<u>18.359.295</u>

9. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamning um skrifstofuhúsnæði. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða uppsagnarfresti og eru leigugreiðslur verðtryggðar. 1,5 ár eru eftir af leigutímanum en með möguleika á framlengingu.

Gjöld vegna leigusamninga eru gjaldfærð meðal annars rekstrarkostnaðar og eru sem hér segir:

	2024	2023
Húsaleiga	52.680.815	49.526.418
	<u>52.680.815</u>	<u>49.526.418</u>

Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri
Sólveig Hildur Björnsdóttir



Undirritað af:
Sólveig Hildur Björnsdóttir
2901765739
Dags: 02.05.2025
Tími: 12:43:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c7d9db6c-ff43-4051-8e40-fe2c5ba81220

Stjórnarmarður
Eyrún Björk Valsdóttir



Undirritað af:
Eyrún Björk Valsdóttir
0503672909
Dags: 30.04.2025
Tími: 16:49:46
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c7d9db6c-ff43-4051-8e40-fe2c5ba81220

Stjórnarmaður
Eypór Þormóður Árnason



Undirritað af:
Eypór Þormóður Árnason
1309643549
Dags: 01.05.2025
Tími: 17:35:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c7d9db6c-ff43-4051-8e40-fe2c5ba81220

Stjórnarmaður
Selma Kristjánsdóttir



Undirritað af:
Selma Kristjánsdóttir
2112732919
Dags: 03.05.2025
Tími: 08:46:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c7d9db6c-ff43-4051-8e40-fe2c5ba81220

Stjórnarmaður
Ragnar Ólason



Undirritað af:
Ragnar Ólason
1707645019
Dags: 30.04.2025
Tími: 16:14:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c7d9db6c-ff43-4051-8e40-fe2c5ba81220

Stjórnarmaður
Georg Páll Skúlason



Undirritað af:
Georg Páll Skúlason
1010663559
Dags: 01.05.2025
Tími: 08:32:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c7d9db6c-ff43-4051-8e40-fe2c5ba81220

Endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson



Undirritað af:
Theodór Siemsen
Sigurbergsson
0604593049
Dags: 30.04.2025
Tími: 19:02:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c7d9db6c-ff43-4051-8e40-fe2c5ba81220